

STEINAKRÝL

STEINAKRÝL er terpentínupynnaleg akrýlmálning, sem þornar eingöngu við uppgufun leysiefna.

STEINAKRÝL er mjög veðurhaldið, hefur frábært alkalíþol og viðloðun við stein, er ágætlega þétt gegn vatni (slagregni) en hleypir þó auðveldlega í gegnum sig raka úr steinveggjum.



STEINAKRÝL er sérstaklega hannað til notkunar á múr og steinsteypa fleti utanhúss við íslenskar aðstæður.

STEINAKRÝL þolir að málað sé við lágt hitastig (a.m.k. 10 stiga frost). Þolir regn fljótlega eftir málun. Er sjálfgrunnandi, þ.e. sérstök grunnun með BINDILAKKI eða „festi“ er óþörf í flestum tilvikum, þó um duftsmitandi fleti sé að ræða.

Litir:

STEINAKRÝL er framleitt í um 10 STAÐALLITUM og að auki má fá mikinn fjölda lita með litun í stofnum.

Áferð:

Slétt, mött.

Málun:

Nota má pensil, rúllu eða sprautu.

STEINAKRÝL hentar sérlega vel til rúllunar beint á stein. Á beran stein er ráðlegt að fara 2 umferðir.

Varúðarflokkur:

2 - 1.

Þynnir:

MÍNERALTERPENTÍNA, ef þörf krefur.

Hreinsun áhalda:

MÍNERALTERPENTÍNA.

Þurrktími:

Um 1,5-2 klst. við 20°C.

Yfirmálun:

Eftir minnst 8-16 klst.

Þykkt (flæðiseigja):

Um 110-120 KU (25°C).

Eðlismassi:

Um 1,4 g/ml við (25°C), svolítið breytilegt eftir lit.

Þurrefni:

Um 70% af massa eða um 45% af rúm-máli (reiknað), svolítið breytilegt eftir lit.

Efnisnotkun:

Um 0,17 l/m² í umferð, samsvarar um 75 µm meðalþurrfilmubykkt.

Hitastig við málun:

A.m.k. -10°C til + 30°C. Flöturinn skal þó vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins

VOC-efni:

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC efna fyrir þessa vöru fl. A/c 430 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 430 g/l.



Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.